

SPÆN1BY05

Búið til: Thu, 22 May 2014 17:37:07 GMT

Titill

Spænska A

Skammstöfun

SPÆN1BY05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

spænska

Viðfangsefni

byrjunaráfangi í spænsku

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins: Strax frá upphafi eru nemendur þjálfðir í lesskilningi ásamt samskiptabáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfa grunnatriði málfræðinnar. Menningu spænskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna. Námsefnið er þemaskipt og í þessum áfanga verður unnið með 4 þemu: Presentarse La familia y los amigos Tiempo libre, ocio y los estudios La rutina diaria

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- menningu þeirra landa þar sem spænska er töluð
- almennum orðaforða og einföldum setningum
- mál- og samskiptavenjum
- grunnatriðum í spænskri málfræði
- tungumálinu og útbreiðslu þess

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja almennt talað mál þegar talað er skýrt og greinilega
- nota einfaldan orðaforða til að tjá sig um og lýsa sér sjálfum og sínu nánasta umhverfi
- nota einfaldan orðaforða til að tjá sig um áhugamál og daglegar athafnir
- nota einfaldan orðaforða til að segja frá fjölskyldu og vinum
- nota tungumálið í einföldum samræðum
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skrifa stuttan samfelldan texta um efni sem unnið hefur verið með
- nota meginreglur í málfræði
- koma auga á blæbrigði spænskumælandi menningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- halda samtali gangandi og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- skilja talað mál um kunnuglegt viðfangsefni m.a. úr útvarpi og sjónvarpi
- lesa stuttar blaða- og tímaritsgreinar og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- skrifa texta bæði frá eigin brjósti og samantektir á tilteknu efni
- geta borið saman eigin og framandi menningu
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd